



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Samþykkt velferðarráðs um framlengingu samnings við Hugarafli um þjónustu við einstaklinga með andleg veikindi

Á fundi velferðarráðs þann 15. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um framlengingu samnings við Hugarafli um þjónustu við einstaklinga með andleg veikindi:

Lagt er til að samningur við Hugarafli um þjónustu við einstaklinga með andleg veikindi verði framlengdur til loka árs 2024.

Tillagan felur í sér 27 m.kr. kostnað á ári eða 54 m.kr. á tveimur árum sem rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt.

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að tryggja góðan stuðning við einstaklinga með andleg veikindi. Gæða- og eftirlitstofnun velferðarmála (GEV) gaf út skýrslu í október á síðasta ári vegna úttektar á starfsemi félagasamtakanna Hugarafli. Þar kom fram að niðurstöður viðtala bentu til þess að starfsemi Hugarafli hafi nýst mörgum vel við að bæta lífsgæði sín og ná bata. Í niðurstöðu GEV komu einnig fram ábendingar um að tækifæri séu til umbóta í starfsemi Hugarafli til að efla gæði þjónustunnar. Mikilvægt er að tryggja að brugðist hafi verið við þeim ábendingum.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagt til að samningur við Hugarafli um þjónustu við einstaklinga með andleg veikindi verði framlengdur til loka árs 2024. Flokkur fólksins fagnar þessum samningi. Samkvæmt úttekt Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála á árinu 2022 á starfsemi Hugarafli er mikil ánægja með starfseminu. Niðurstöður viðtala bentu til þess að starfsemi Hugarafli hafi nýst mörgum vel við að bæta lífsgæði sín og ná bata.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllt

Rannveig Einarasdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs



Reykjavíkurborg

Hjálagt:

Tillaga um framlengingu samnings við Hugarafli um þjónustu við einstaklinga um andleg veikindi, ásamt fylgiskjölum, lögð fram á fundi velferðarráðs 15. mars 2023.



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Framlenging samnings við Hugarafli um þjónustu við einstaklinga með andleg veikindi*

Lagt er til að samningur við Hugarafli um þjónustu við einstaklinga með andleg veikindi verði framlengdur til loka árs 2024.

Tillagan felur í sér 27 m.kr. kostnað á ári eða 54 m.kr. á tveimur árum sem rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 16. desember 2020 var samþykkt tillaga starfshóps um þróun virkniúrræða velferðarsviðs, þ.m.t. tillaga um samstarf við Hugarafli um endurhæfingarúrræði fyrir einstaklinga sem eru óvinnufærir og hafa verið á fjárhagsaðstoð í lengri tíma. Á fundi borgarráðs þann 28. janúar 2021 var samþykkt tillaga velferðarsviðs um að nýta allt að 26 milljónir króna árlega af bundnum lið fjárhagsaðstoðar til endurhæfingarverkefnis í samstarfi við Hugarafli. Um var að ræða verkefni til tveggja ára þar sem allt að 20 einstaklingar taka þátt á ári.

Virknihús hefur fylgt eftir samningi sem gerður var á milli Hugarafli og velferðarsviðs á grundvelli samþykktar velferðarráðs og borgarráðs. Haldnir eru reglulegir stöðufundir um framvindu samningsins eða að meðaltali einu sinni í mánuði. Frá upphafi samningsins hafa 46 einstaklingar tekið þátt í verkefni en að jafnaði eru 20 einstaklingar í úrræðinu á hverjum tíma. Gerðar hafa verið 18 endurhæfingaráætlanir á tímabilinu en markmiðið er m.a. að lokinni endurhæfingu í 12 – 18 mánuði þurfi einstaklingar ekki að reiða sig aftur á fjárhagsaðstoð til framfærslu. Af þeim 46 einstaklingum sem vísað hefur verið til Hugarafli á grundvelli samnings eru 67% ekki með fjárhagsaðstoð til framfærslu 1. janúar 2023.

Í kjölfar opinberrar umræðu um starfsemi Hugarafli á árinu 2021, framkvæmdi teymi árangurs og gæðamats á velferðarsviði könnun meðal þátttakenda í verkefninu í desember 2021. Hringt var í 32 núverandi og þáverandi þátttakendur og svöruðu 65% könnuninni. Markmið könnunarinnar var m.a. að kanna hvernig þátttakendum liði í Hugarafli og hvort þátttaka í Hugarafli væri að mæta þörfum þeirra. Einnig var kannaður hugur þátttakenda í Hugarafli til þess stuðnings og eftirfylgdar sem þeir hefðu fengið frá ráðgjafa sínum hjá velferðarsviði. Helstu niðurstöður voru að 95% svöruðu að þeir upplifðu vingjarnlegt viðmót frá starfsfólki og 65% sögðust upplifa vingjarnlegt viðmót frá stjórnendum. Um 70% upplifðu góðan anda í Hugarafli. Um 75% þátttakenda sögðust hafa fengið fullnægjandi stuðning og ráðgjöf frá miðstöðvum Reykjavíkurborgar í tengslum við þátttöku í Hugarafli en 59% sögðust hafa fengið nægjanlega eftirfylgd vegna þátttöku í Hugarafli.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála framkvæmdi á árinu 2022 úttekt á starfsemi Hugarafli vegna ábendinga og kvartana um starfsemina frá fyrrum félagsmönnum Hugarafli.




Niðurstöður viðtala bentu til þess að starfsemi Hugarafis hafi nýst mörgum vel við að bæta lífsgæði sín og ná bata. Mikilvægt er fyrir notendahópinum að til staðar sé lágþröskuldaúrræði þar sem áhersla er lögð á opið aðgengi, einstaklingsmiðaða nálgun, bata, valdeflingu og jafningjastuðning. Þá virðist þátttaka í verkefnum og sjálfbóðaliðastörfum vera mikilvægur þáttur í valdeflingu og bata félagsmanna. Niðurstöður bentu þó jafnframt til þess að tækifæri séu til umbóta í starfsemi Hugarafis til að efla gæði þjónustunnar.

Haustið 2022 var birt skýrsla á vegum Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands um niðurstöður þjónustukönnunar sem gerð var að beiðni Hugarafis. Fram kom að 90% félagsmanna eru mjög ánægðir með starf Hugarafis en 3% óánægðir og 84% félagsmanna þakka Hugarafli árangur í bataferli sínu. Könnunin náði til virkra félagsmanna Hugarafis síðustu tvö árin.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur veitt Hugarafli leyfi til að reka stoð- og stuðningsþjónustu sem gildir til 29. janúar 2028.

Tafla 1 sýnir að hlutfall óvinnufærra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu hefur lækkað á tímabilinu 2020–2022 sem er mjög jákvæð þróun.

Tafla 1: Hlutfall notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu sem er óvinnufær í desember 2020, 2021 og 2022.



Það er mat velferðarsviðs að mikilvægt sé að halda áfram samstarfinu við Hugarafli. Hlutfall þeirra einstaklinga sem eru óvinnufærir og þurfa að reiða sig á fjárhagsaðstoð hefur lækkað um 9% frá árinu 2021.

Ef 20 einstaklingar fá í eitt ár fulla fjárhagsaðstoð til framfærslu þá er kostnaður ársins 2023 um 54 m.kr. eða 108 m.kr. á tveggja ára tímabili. Það er því ljóst að fjárhagslega felur verkefnið í sér lækun á útlögðum kostnaði vegna fjárhagsaðstoðar auk þess sem kannanir benda til þess að starfsemi Hugarafis felist almennt í aukinni valdeflingu og bata.

Fylgiskjöl:

Drög að samningi við Hugarafli, mars 2023.

Jafnréttisskimun dags. 13. mars 2023.



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt.530269-7609, Borgartúni 12-14, Reykjavík, í samningi þessum nefnt styrkveitandi, og Hugarafli, kt. 460204-2240, Síðumúli 6, Reykjavík, í samningi þessum nefnt styrkþegi, gera með sér svohljóðandi

S A M N I N G
á grundvelli styrkveitingar
um þjónustu við einstaklinga með andleg veikindi og eiga lögheimili í Reykjavík

1. gr.
Gildissvið

Samningur þessi tekur til sértækra þjónustuverkfna sem getið er í samningi þessum og styrkþegi innir af hendi vegna málefna einstaklinga sem glíma við andleg veikindi og eru með lögheimili í Reykjavík. Samningurinn er byggður á stefnu styrkþega um þjónustu við umræddan hóp.

2. gr.
Markmið

Markmið með samningi þessum er að veita þeim Reykvíkíngum þjónustu sem vísað er til styrkþega á grundvelli þessa samnings.

Markmið samningsins er að veita Reykvíkíngum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu og glíma við andleg veikindi þjónustu sem snýr að því að styðja þá í bataferli með sjálfsstyrkingu og valdeflingu að leiðarljósi.

Unnið að því að styrkja sjálfsmýnd, sjálfstraust, félagslega stöðu með virkri þátttöku í með því að:

1. Gera einstaklingum kleift að ná bata með þátttöku í skipulagðri dagskrá hjá Hugarafli
2. Lagt verður mat á áhuga, hæfni og getu þátttakenda til að hefja endurhæfingu í vinnu eða námi.

3. g.
Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum og lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Samningur þessi grundvallast á samþykkt velferðarráðs **15. mars 2023 og borgarráðs xxx**

Þjónusta sem styrkþegi tekur að sér að veita samkvæmt samningi þessum skal unnin samkvæmt gildandi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

4. gr.

Skilgreining á þjónustu sem samið er um

Veita einstaklingum þjónustu sem eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu og eru utan vinnumarkaðar vegna skertrar vinnufærni og glíma við andleg veikindi.

Á grundvelli þessa samnings veitir styrkþegi eftirfarandi þjónustu sem er þrjúþætt:

- Endurhæfing til 12-18 mánaða: Vikulegt einstaklingsviðtal við fagaðila
- Hópastarf um valdeflingu í umsjón fagaðila
- Hópastarf um bata og bjargráð.
- Lokað sjálfstyrkingarnámskeið í umsjón fagaðila
- Gerð endurhæfingaráætlunar á einstaklingsgrundvelli
- Viðtöl við náms- og atvinnuráðgjafa
- Geðfræðsla og önnur fræðsla eftir þörfum

- Jafningjastuðningur
- Önnur þjónusta og úrræði sem þátttakendum stendur til boða: tónlistarkennsla, jóga, líkamsrækt og þátttaka í öðrum verkefnum sem Hugarafi stendur fyrir.

1. Þriggja mánaða eftirfylgd:

Eftir að endurhæfingu lýkur er boðið upp á stuðning frá fagaðila sem m.a. felur í að framfylgja virkni auk þess sem þátttakendum er boðið að taka þátt í hópastarfi og annarri opinni dagskrá sem Hugarafi býður upp á.

2. Stuðningur að lokinni þriggja mánaða eftirfylgd:

Við lok endurhæfingar og þriggja mánaðar eftirfylgdar er þátttakendum boðið upp á aðstoð við gerð einstaklingsáætlunar og stuðning við þátttöku í námi eða starfi.

5. gr.

Fjárhæðir og greiðslutilhögun

Samningur þessi tekur til þjónustu fyrir allt að tuttugu einstaklinga á hverjum tíma.

Styrkveitandi greiðir styrkþega, kr. **27.190.000** (tuttugu og sjö milljónir, eitt hundruð og níutíu þúsund) á árinu **2023 og 2024**. Greitt verður í fjórum jöfnum greiðslum í mars, júní, september og desember ár hvert.

Styrkþegi ber alla faglega og rekstrarlega ábyrgð á framangreindri starfsemi og fjárhagsskuldbindingar styrkþega eru styrkveitanda óviðkomandi.

6. gr.

Samráð/samstarf

Samningsaðilar munu á samningstímanum vinna að því að gott og öflugt samstarf verði milli aðila varðandi aukna þjónustu við fólk með andleg veikindi.

Styrkveitandi mun eiga stöðufund með styrkþega um framkvæmd samningsins á sex til átta vikna fresti. Aðilar skulu reglulega halda samráðsfundi á samningstímann um málefni einstaklinga sem samningurinn tekur til. Fundarboðun er á ábyrgð fulltrúa styrkveitanda. Hvor samningsaðili fyrir sig getur óskað eftir auka stöðufundi ef þurfa þykir.

7. gr.

Skýrslur, eftirlit og árangur

Styrkþegi skal fyrir við lok samningstíma, skila skýrslu um þjónustuverkefnið, s.s. um starf styrkþega, umfang starfsins, verkefni, fjölda einstaklinga sem nýta sér þjónustu, mat á árangri og annað sem þjónustan nær yfir. Styrkveitandi skal vera upplýstur um heildarfjölda þeirra einstaklinga sem sækja þjónustu og hlutfall Reykvíkinga. Óskað er eftir kyngreindum gögnum þ.e. upplýsingar um fjölda í þjónustu eftir kyni. Styrkþegi skal skila upplýsingum samkvæmt þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli 4 gr. samnings þessa.

Eftirlit með framkvæmd þjónustunnar er í formi fyrrnefndra upplýsinga um þjónustuverkefni og með stöðufundum styrkveitanda og styrkþega samkvæmt 6. og 7. gr. samnings þessa.

Styrkþegi skal senda styrkveitanda ársreikning félagsins um leið og hann liggur fyrir. Fyrir 1. maí ár hvert skal styrkþegi leggja fram samantekt um starfsemi liðins árs, sem fram fer á grunni samnings, sbr. 4. gr. samnings þessa. Ársreikningur skal innihalda sundurliðað rekstraryfirlit, þar sem kostnaður við framkvæmd samnings er aðgreindur frá öðrum kostnaði hjá styrkþega.

Ef styrkþegi ætlar að sækja um styrk fyrir árið 2025, skal hann skila inn umsókn fyrir 1. október 2024 eða fyrir þann tíma sem tilgreindur er auglýsingu Reykjavíkurborgar um styrki á því ári. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um nýtingu. Framangreindar upplýsingar eru skilyrði þess að umsókn um styrk verði tekin til meðferðar.

**8. gr.
Kynningarmál**

Styrkþegi skal ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum

**9. gr.
Þagnarskylda**

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Styrkþegi og starfsmenn hann eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga í samræmi við gildandi lagaákvæði þar að lútandi.

Þagnarskylda helst þó svo að samningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsmenn styrkþega láta af störfum.

Við störf sín skuldbindur styrkþegi sig til að hlíta skilyrðum varðandi vernd persónuupplýsinga í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

**10. gr.
Vanefndir og riftun**

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu samningsaðilar leitast við að jafna ágreining sinn.

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

Ef styrkur til styrkþega er notaður í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur styrkveitandi sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð.

**11. gr.
Starfsmenn**

Styrkþegi skuldbindur sig til að hlíta ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar starfsmenn sína.

**12. gr.
Ágreiningsmál**

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**13. gr.
Framsál samnings til þriðja aðila**

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

**14. gr.
Breytingar á samningi**

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

**15. gr.
Gildistími**

Samningurinn er tímabundinn og gildir til frá 1. apríl 2023 – 31. mars 2024.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík xx. mars 2023

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

f.h. Hugarafls

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri

Auður Axelsdóttir, framkvæmdastjóri

DRÖG



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	13. mars 2023
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjana Gunnarsdóttir/ Kristín Pétursdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga um að áframhald verði á fyrri samning sem gerður var við Hugarafli árið 2021 til tveggja ára og hann framlengdur til loka árs 2024.
Þjónustubáttur:	Fjárhagsaðstoð
Stofnun/kostn.st.:	Átaksverkefni
Fjárhæð:	27.190.000 kr. á ári í tvö ár.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Að samningur við Hugarafli um að styðja óvinnufæra einstaklinga sem þegið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu til virkni verði fram haldið árin 2023 og 2024.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Markhópur úrræðisins eru óvinnufærir einstaklingar sem þegið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu, óháð kyni.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Óvinnufærir einstaklingar sem þegið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan stuðlar að því að endurhæfa einstaklinga sem hafa glímt við óvinnufærni með það að markmiði að þeir þurfi ekki að reiða sig á fjárhagsaðstoð til framfærslu.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.